



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til lánastofnana

13. júlí 2015

Tilvísun: 2014090011

Efni: Dreifibréf til lánastofnana vegna viðmiða Fjármálaeftirlitsins á virði aflahlutdeilda

Fjármálaeftirlitið gefur út viðmið um virðismat aflahlutdeilda og þar með talið mats á útlánnum sem eftirlitið mun leggja til grundvallar könnunar- og matsferli (SREP).

Markmið viðmiðanna er að auka gagnsæi vinnu Fjármálaeftirlitsins og stuðla að varfærnu mati á eignum viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrta. Markaður með aflahlutdeildir er grunnur og óskilvirkur og má því ætla að markaðsverð gefi ekki endilega sanna mynd af virði þeirra í stórum viðskiptum. Lánveitingar til sjávarútvegs eru stór hluti af lánasafni íslenskra fjármálaþyrta sem undirstrikar mikilvægi þess að til séu viðmið um virði aflahlutdeilda.

Ákvæði um útreikning eiginfjárlutfalls er að finna í 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaþyrta og reglum nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálaþyrta. Leiði athugun Fjármálaeftirlitsins það í ljós að virðismat þess er lægra en fyrrnefndra fjármálaþyrta getur það leitt til þess að eftirlitið muni gera kröfu um að bundið sé eigið fé sem nemur mismuninum eða niðurfærslu eiginfjárgrunns, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002.

Viðmiðin grundvallast á virði aflaheimilda út frá heildarvirði sjávarútvegsins. Áhættufrádragið grundvallast einkum á áhættu vegna breytinga á aflamagni og -verði. Matið tekur mið af upplýsingum í ástandsskýrslum Hafrannsóknastofnunar auk þess sem það byggir á sögulegum aflagögnum og sögulegri verðþróun afurða og öðrum opinberum upplýsingum. Niðurstöður matsins er að finna í viðauka.

Hér er eingöngu verið að setja fram viðmið um mat á aflaheimildum skipa án skipanna sjálfra, búnaðar þeirra, afla, sjávarafurða og rekstrarvara sjávarútvegs, sbr. E. hluta III. kafla laga um samningsveð nr. 75/1997. Tekið skal fram að aflahlutdeildir fiskiskipa verða ekki veðsettar sjálfstætt og koma aðeins til skoðunar sem hluti af verðmæti þeirra skipa sem þær eru skráðar á, þegar skipin hafa verið sett til tryggingar útlánnum, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1997.

Viðmiðin kunna að verða endurútgefin sem hluti af viðmiðum og aðferðafræði sem Fjármálaeftirlitið styðst við vegna könnunar- og matsferlis sbr. 38. gr. nýsamþykkrta laga um breytingu á lögum um fjármálaþyrta, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjárukar o.fl.).

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Lilja Rut Kristófersdóttir


Stefán Þór Björnsson



Viðmið vegna virðismats aflaheimilda

1. Gildissvið og skilgreiningar

- 1.1. Viðmið þessi gilda um virðismat aflaheimilda, sem skráðar eru á skip sem standa til tryggingar útlánnum fjármálafyrirtækja sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt 1.-3. tl. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, vegna SREP athugana.
- 1.2. Með aflaheimildum er átt við hlutfall (aflahlutdeild í prósentum talið) af heildarafla í tiltekinni kvótabundinni tegund sem úthlutað hefur verið til tiltekins skips og notað er til ákvörðunar aflamarks (í tonnum) til eins fiskveiðiárs í senn, sbr. 2. og 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.
- 1.3. Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1997 er óheimilt „...að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar. Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti.“ Aflaheimildir fiskiskipa verða því ekki veðsettar sjálfstætt og koma aðeins til skoðunar sem hluti af verðmæti þess fiskiskips sem þær eru skráðar á, þegar skipin hafa verið sett til tryggingar útlánnum.
- 1.4. Ákvæði um útreikning eiginfjárlutfalls er að finna í 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglum nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

2. Eiginfjárkröfur fjármálafyrirtækja og útlánaáhætta

- 2.1. Veð og aðrar tryggingar fyrir útlánnum hafa áhrif á útlánaáhættu og er því mikilvægt að til séu viðmið um hvernig mati á slíkum tryggingum sé háttað. Sérstaklega á það við þar sem markaður með aflahlutdeildir er grunnur og óskilvirkur hér á landi.
- 2.2. Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis nema að lágmarki 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur er samtala veginna áhættupátta, þ.m.t. útlánaáhættu. Fjármálafyrirtæki þurfa reglulega að leggja mat á eiginfjárbörf fyrirtækisins með hliðsjón af áhættustigi þess. Meti Fjármálaeftirlitið það svo að fjármálafyrirtæki uppfylli ekki ákvæði laga þessara um nægjanlegt eigið fé til að mæta áhættu í starfsemi þess getur eftirlitið m.a. mælt fyrir um hærri eiginfjárgrunn en sem nemur 8% af áhættugrunni, sbr. a-liður 1. mgr., eða niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni, sbr. c-liður 1. mgr.

3. Mat á virði aflaheimilda

- 3.1. Aflaheimildir er réttur (aflahlutdeild) til ákveðins hlutfalls af heildarafla í tiltekinni kvótabundinni tegund, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Samkvæmt 3. gr. laganna skal ráðherra að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili úr þeim nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.



FJÁRMÁLAÆFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- 3.2. Eins og fram kemur hér að ofan, og tilgreint er í lögum nr. 75/1997 um samningsveð, verða aflaheimildir ekki veðsettar sjálfstætt heldur aðeins sem hluti af verðmæti þess fiskiskips sem þær eru skráðar á. Töluverð óvissa er um virði aflaheimilda og eru eftirfarandi þættir meðal þess sem áhrif gæti haft á virði þeirra.
- 3.3. Á grundvelli aflahlutdeildar úthlutar Fiskistofa á hverju fiskveiðiári einstökum bátum og skipum aflamarki í tonnum sem er það magn sem viðkomandi bátur eða skip má veiða á því fiskveiðiári úr viðkomandi tegund, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006. Þar sem magn heildarafla í hverri tegund fyrir sig getur verið breytilegt frá ári til árs getur sá tonnafjöldi sem aflahlutdeild veitir rétt til, og þar af leiðandi verðmæti aflaheimilda, breyst.
- 3.4. Breytingar á viðgangi einstakra kvótabundinna tegunda geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar heildarafla og þar af leiðandi á verðmæti aflaheimilda. Að sama skapi getur aflabrestur haft slík áhrif. Verð á sjávarfangi hefur auk þess sveiflast töluvert á síðustu árum og þá sérstaklega á uppsjávarfiski og fiskimjöli.
- 3.5. Aflaheimildir geta orðið lítills virði ef aflabrestur verður og má í því sambandi vísa til aflbrests á úthafs-rækju og algers hruns á innfjarðarækjuveiði á síðasta áratug. Þetta á þó aðallega við um uppsjávartegundir.
- 3.6. Markaðurinn með aflaheimildir er grunnur og óskilvirkur. Viðskipti hafa átt sér stað með aflaheimildir í einstakum fiskitegunda undanfarin ár en upplýsingar um markaðsverð þeirra liggja ekki alltaf fyrir. Ekki er til miðlæg skrá yfir viðskiptin og aflaheimildir eru oft seldar með öðrum eignum án þess að verð á þeim sé tilgreint sérstaklega.
- 3.7. Flest viðskipti eru með litlar aflahlutdeildir sem keyptar eru af útgerðum með vannýtta framleiðslugetu og/eða þegar kaupandi þarf að tryggja sér aflaheimildir í ákveðnum tegundum þannig að þær séu í samræmi við veiddan afla. Kaupendurnir geta haft mjög lágan jaðarkostnað vegna kaupa á litlu magni þó kaupverð og meðalkostnaður sé hár. Þeir gætu því verið tilbúnir að borga mun hærra verð fyrir lítið magn af aflaheimildum en þeir væru tilbúnir að greiða fyrir meira magn. Margt bendir til að verð á mörkuðum sé oft á tíðum jaðarverð á aflaheimildum í smærri viðskiptum og gefi því ekki endilega raunhæft mat á virði heildaraflans eða verðmæti aflaheimilda í stærri viðskiptum.
- 3.8. Á undanförunum árum hefur ekki mikið reynt á að gengið hafi verið að tryggingum í skipum sem aflaheimildir fylgja og er því erfiðleikum bundið að byggja á reynslu varðandi endurheimtur í slíkum tilvikum. Kostnaður við að selja eignir getur einnig verið nokkur og getur haft áhrif á virði þeirra við endurheimtur banka af lánum. Ef fjármálafyrirtæki þyrfti að leysa til sín fiskiskip með miklar aflaheimildir, þá eru líkur á að það gæti ekki selt þær á sama verði og gilt hefur í smáum viðskiptum á mörkuðum. Mikilvægt er að virðismat á aflahlutdeildum taki mið af þessu. Einnig er brýnt að mat á virði aflahlutdeilda taki tillit til þeirrar áhættu að virði þeirra getur sveiflast mikið.
- 3.9. Veiðigjöld skv. lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld eru nú almennt veiðigjald og sérstakt veiðigjald. Sú fjárhæð sem hefur verið innheimt með veiðigjöldum hefur tekið nokkrum breytingum og verði veiðigjöld hækkuð með lögum má búast við því að það hefði neikvæð áhrif á virði aflaheimilda þar sem það myndi þýða að öðru jöfnu að framlegð af veiðum myndi lækka.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- 3.10 Fyrir utan hækkanir eða lækkanir á núverandi veiðigjöldum gætu einnig orðið breytingar á lagaumhverfi fiskveiðistjórnunar sem gætu mögulega haft áhrif á virði aflahlutdeilda.
- 3.10. Sóknarkostnaður getur minnkað með hagræðingu og tækninýjungum sem mun að öðru jöfnu leiða til hærra virðis aflahlutdeilda.
- 3.11. Verð á lönduðum afla hefur sveiflast mikið í gegnum tíðina. Auk þess hefur íslenska krónan verið óstöðugur gjaldmiðill. Slíkar sveifur geta haft mikil áhrif á virði aflahlutdeilda.

4. Niðurstöður

Fjármálaeftirlitið hefur með hliðsjón af ofangreindum atriðum metið virði aflaheimilda og geymir viðaukinn töflu með viðmiðunarvirði sem eftirlitið mun líta til í SREP athugunum. Fjármálaeftirlitið mun endurskoða þau viðmið sem sett eru fram í töflunni þegar tilefni er til og áskilur sér rétt til að víkja frá þeim ef ástæða þykir til.



FJÁRMÁLAÆFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Viðauki

Fisktegund	Mat á virði aflaheimilda í kr./kg. ¹	Virði 1 % af kvóta í m.kr.	Áhættufrádrag	Virði kr./kg.
Þorskur	1.600		30%	1.120
Ýsa	1.410		30%	990
Ufsi	930		30%	650
Karfi	820		30%	570
Úthafskarfi	850		70%	260
Steinbítur	1.200		30%	840
Langa	1.310		30%	920
Blálanga	730		70%	220
Keila	660		30%	460
Skötuselur	1.810		30%	1.270
Gulllax	440		70%	220
Grálúða	1.690		30%	1.180
Skarkoli	1.010		30%	710
Þykkvalúra	1.080		30%	760
Langlúra	850		30%	600
Sandkoli	350		30%	250
Skrápflúra	370		30%	260
Síld	460	360*	60%	150*
N.Í. síld	520	290*	60%	90*
Loðna	570	690*	60%	280*
Kolmunni	130	240*	80%	50*
Makrill	250	370*	100%	0*
Humar	14.700		30%	10.290
Rækja	1.380		100%	0

¹ Hér er ekki átt við virði aflaheimilda í krókaafakerfinu.

* Virði aflahlutdeilda í síld, N.Í. síld, loðnu, kolunna og makrill eru skráð sem virði 1% af aflaheimildum, virði annarra tegunda er miðað við slægt kíló.